

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2012

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur), þskj. 174 - 173. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum.

BSRB tekur undir og styður eindregið umsagnir Landssambands lögreglumanna um þingmál þetta, nú sem á fyrri stigum þess. Sérstaklega vill bandalagið leggja áherslu á eftirfarandi.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þau vandkvæði sem hafa fylgt því samkomulagi sem afsal verkfallsréttar í stað kauptryggingar á launum lögreglumanna hefur haft í för með sér. Frá því að verkfallsréttur lögreglumanna var tekinn af hafa ávallt staðið yfir langar deilur hvert sinn sem kjarasamningar þeirra eru lausir. Þá er skilningur samningsaðilanna tveggja, Landssambands lögreglumanna og ríkisins afar ólíkur á því hvað felst í bókun um kauptryggingu á launum lögreglumanna. Bandalagið telur að bann við verkföllum geti í mörgum tilvikum varðað brot á mannréttindum þar sem um neyðarétt launafólks er að ræða til að ná framgangi krafna sinna. Ákvæði 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 með hliðsjón af 11. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu, hefur verið túlkað svo í dómaframkvæmd að það verndi ekki eingöngu rétt manna til að stofna stéttarfélög heldur einnig frelsi stéttarfélaga til að standa vörð um og tryggja hagsmuni félagsmanna sinna. Samningsfrelsið er eðli málsins samkvæmt ein grundvallarstoð þess að stéttarfélög geti sinnt framangreindu hlutverki sínu. Nýtur það þ.a.l. verndar lagaákvæðanna.

Ef verkfallsréttur er afnuminn er undantekningalaust skilyrði þess að að viðkomandi stétt sé tryggð jafn góð eða betri úrræði um kjaramyndun þeirra. Staðan er sú að laun lögreglumanna eru lág samanborið við eðli starfsins. Ljóst þykir að það úrræði er tók við um kauptryggingu launa lögreglumanna er verra en verkfallsréttur til að fenginn sé ásættanleg niðurstaða hverju sinni. Dráttur kjarasamningsgerðar þegar þeir eru lausir og ágreiningur samningsaðila við gerð nýs kjarasamnings allar götur síðan 1986 er ótækt ástand fyrir alla aðila. Því krefst bandalagið þess, í samræmi við vilja lögreglumanna, að lögreglumönnum verði tryggður verkfallsréttur á ný með brottfellingu 31. gr. lögreglulaga og breytingu á öðrum lagaákvæðum sem taka til hans.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri